

Græn taska – innihald

• Blær bangsi




Blær er tákmynd vináttunnar sem heiti efnisins vísar til. Blær minnir börnin á að gæta hvert annars vel og að vera góður félagi. Einnig hjálpar Blær til við ýmis verkefni og faðmar, gleður og huggar börnin.



• Litlir bangsar

Litlir bangsar fyrir hvert og eitt barn sem tákna samfélag *Vináttu*. Litlu bangsarnir fylgja ekki töskunni, en eru keyptir sérstaklega.

• Vináttu – Fróðleikur og leiðbeiningar um notkun fyrir starfsfólk leikskóla



Í leiðbeiningahefti er bakgrunni *Vináttu* lýst, fjallað um einelti á fræðilegan hátt og hvernig hægt er að innleiða verkefnið í leikskóla. Í leiðbeiningunum er einnig að finna fjölda hugmynda að verkefnum til að vinna í leikskólum, með börnunum, starfsfólki og foreldrum.

• Vináttu – Vinanudd fyrir leikskólabörn




Þar eru nuddsögur sem lesnar eru upp fyrir börnin með teikningum af nuddhreyfingum. Börnin líkja eftir hreyfingunum með því að nudda bak hvert annars.

• Samræðuspjöld



Stór spjöld með skýrum og litríkum teikningum af aðstæðum sem geta komið upp í samskiptum. Stuðlað er að samræðum um það sem er að gerast á spjöldunum og á bakhlið spjaldanna eru hugmyndir að spurningum eða umræðum.

• Klípusögur á spjöldum fyrir foreldra og starfsfólk



Klípusögurnar lýsa aðstæðum sem geta komið upp í samskiptum og stuðla að samræðum og skoðanaskiptum um aðgerðir sem hægt er að grípa til í daglegu lífi.

• Veggspjald




Á veggspjaldinu eru ráð til foreldra um hvernig þeir geta stuðlað að góðum samskiptum. Veggspjaldið er hengt upp í skólanum á sýnilegum stað fyrir foreldra, svo sem í anddyri leikskólans og/eða inni á deildum.

• Bangsinn hennar Birnu



Sögubók með sögu um bangsann hennar Birnu og þremur sögum til viðbótar um einelti. Í bókinni er fjallað af kímni, skilningi og jákvæðni um erfiðar aðstæður sem upp kunna að koma í daglegu lífi í leikskóla.

• Vinátta í leikskólanum



Vinátta í leikskólanum fylgir eftir þeim Friðriki og Katrínu. Þeim finnst gaman í leikskólanum. Þar eiga þau marga góða vini, skemmta sér og læra eitthvað nýtt á hverjum degi. Þó getur komið fyrir að allt fari í hnút í leiknum, einhver meiði sig eða sakni mömmu og pabba. Þá er gott að geta hjálpað hvert öðru og heppilegt að Friðrik og Katrín skuli búa yfir ofurkröftum! Þau eru nefnilega ofurgóð í að sýna vináttu í verki, vera elskuleg við aðra, hughreysta og sækja hjálp þegar eitthvað bjátar á.

• Gott er að eiga vin



Tónlistardiskur og tónlistarhefti með Vináttusöngvum. Í heftinu eru nótur, textar og hugmyndir að hreyfileikjum til að nota við tónlistina á disknum.

• Vinátta í útivist – útinám og leikur



Bók með verkefnum og leikjum sem henta á leikvöllinum, í frímínútum, í útivist, eða hvar sem er utandyra. Verkefni og leikir í bókinni eru fyrir börn á aldrinum tveggja til átta ára. Áhersla er lögð á samvinnu frekar en samkeppni, að skemmta sér saman og vera góðir félagar.

• Leikskólinn minn er Vináttuleikskóli



Um er að ræða póstkort sem gert er ráð fyrir að foreldrar fái afhent þegar barn þeirra byrjar að vinna með *Vináttu*.

